

REGLUGERÐ

um þvingunaraðgerðir varðandi Moldóvu.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja ákvæðum um þvingunaraðgerðir sem íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að framfylgja á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu um pólitísk skoðanaskipti, sem er hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr., og öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, kemur fram um hvaða ályktanir Evrópusambandsins er að ræða, hverjar þær þvingunaraðgerðir eru sem koma eiga til framkvæmda og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

2. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi gerðir Evrópusambandsins um þvingunaraðgerðir skulu öðlast gildi hér á landi með þeirri aðlögun sem getið er um í 3. gr.:

1. Ákvörðun ráðsins 2010/573/SSUÖ frá 27. september 2010 um þvingunaraðgerðir gegn stjórninni á Transnistríusvæðinu í Lýðveldinu Moldóvu, fylgiskjal 1.
 - 1.1 Ákvörðun ráðsins 2012/527/SSUÖ frá 27. september 2012 um breytingu á ákvörðun 2010/573/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn stjórninni á Transnistríusvæðinu í Lýðveldinu Moldóvu, fylgiskjal 2.
 - 1.2 Ákvörðun ráðsins 2014/751/SSUÖ frá 30. október 2014 um breytingu á ákvörðun 2010/573/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn stjórninni á Transnistríusvæðinu í Lýðveldinu Moldóvu, fylgiskjal 3.

Viðaukar við framangreindar gerðir eru birtir á frummáli, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Framangreindar gerðir binda einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir án frekari lögfestingar, eftir því sem við getur átt, þ.m.t. ákvæði um viðskiptabann, landgöngubann og frystingu fjármuna.

3. gr.

Aðlögun.

Gerðir skv. 2. gr. skulu aðlagðar með eftirfarandi hætti:

- a) ákvæði varðandi ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða aðildarríki Evrópusambandsins („EB“, „ESB“, „Bandalagsins“ eða „sameiginlega markaðarins“) eiga við um íslenska ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða Ísland, eftir því sem við á,
- b) ákvæði um tilkynningar eða skýrslugerðir til aðildarríkja Evrópusambandsins eða stofnana þess gilda ekki. Hið sama á við um ákvæði um gildistöku eða hvenær gerðir skuli koma til framkvæmda,
- c) tilvísanir í gerðir, sem eru hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), eiga við um þau ákvæði íslensks réttar sem innleiða þær gerðir, eftir því sem við á,
- d) tilvísanir í gerðir, sem eru ekki hluti EES-samningsins, eiga við um hliðstæð ákvæði íslensks réttar, eftir því sem við á, þ.m.t. ákvæði tollalaga nr. 88/2005,
- e) tilvísanir í eldri ákvæði um þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins eiga við um eldri íslensk ákvæði, eftir því sem við á,
- f) vefsetur með upplýsingum um lögbær stjórnvöld á Íslandi er: www.utn.is/thvingunaradgerdir.

4. gr.

Tilkynning.

Birting lista yfir aðila, sem nefndir eru í gerðum skv. 2. gr., skal skoðast sem tilkynning til þeirra um að þær þvingunaraðgerðir sem kveðið er á um í gerðunum beinist gegn þeim og er þeim bent á að þeir geti sótt um vissar undanþágur til utanríkisráðuneytisins eða óskað eftir afskráningu af listum, telji þeir sig ranglega skráða.

5. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum. Hann getur m.a. heimilað að efndir séu samningar eða að fullnægt sé öðrum réttindum og skyldum, sem fara í bága við reglugerð þessa en stofnuðust fyrir gildistöku hennar.

6. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri viðurlög liggja við samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Moldóvu, nr. 901/2009.

Utanríkisráðuneytinu, 2. mars 2015.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Stefán Haukur Jóhannesson.

Fylgiskjal 1.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS 2010/573/SSUÖ****frá 27. september 2010****um þvingunaraðgerðir gegn stjórninni á Transnistríusvæðinu í Lýðveldinu Moldóvu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 25. febrúar 2008 samþykkti ráðið sameiginlega afstöðu 2008/160/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn stjórninni á Transnistríusvæðinu í Lýðveldinu Moldóvu ⁽¹⁾. Þessar þvingunaraðgerðir voru framlengdar til 27. febrúar 2011 með ákvörðun ráðsins 2010/105/SSUÖ ⁽²⁾ en beitingu þeirra frestað til 30. september 2010.
- 2) Framlengja skal þvingunaraðgerðirnar til 30. september 2011 á grundvelli endurskoðunar sameiginlegrar afstöðu 2008/160/SSUÖ.
- 3) Til að stuðla að árangri við að ná fram stjórnmalalegri lausn á átökunum í Transnistríu, taka á þeim vandamálum sem enn eru í skólum þar sem latneska stafrófið er notað og koma aftur á frjálsri för fólks skal þó fresta þvingunaraðgerðunum til 31. mars 2011. Við lok þess tímabils mun ráðið endurskoða þvingunaraðgerðirnar í ljósi þróunarinnar, einkum á áður nefndum sviðum. Ráðið getur hvenær sem er ákveðið að setja ferðatakmarkanir aftur á eða aflétta þeim.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að inn á yfirráðasvæði þeirra komi eða um þau fari einstaklingar sem bera ábyrgð á:
 - i. að koma í veg fyrir að árangur náist við að komast að stjórnmalalegri lausn á átökunum í Transnistríu í Moldóvu, sem skráðir eru í I. viðauka,
 - ii. útfærslu og framkvæmd kúgunar- og lokunarherferðar gegn moldóvskum skólum á Transnistríusvæðinu í Lýðveldinu Moldóvu, sem skráðir eru í II. viðauka.
2. Ákvæði 1. mgr. skuldbinda aðildarríki ekki til að meina eigin ríkisborgurum komu inn á yfirráðasvæði þess.
3. Ákvæði 1. mgr. eru með fyrirvara um þau tilvik þegar aðildarríki er skuldbundið að þjóðarétti, nánar tiltekið:
 - i. sem gistiland alþjóðlegrar milliríkjastofnunar,
 - ii. sem gistiland alþjóðlegrar ráðstefnu sem Sameinuðu þjóðirnar boða til eða fram fer á þeirra vegum,
 - iii. samkvæmt marghliða samningi, þar sem kveðið er á um forréttindi og friðhelgi, eða
 - iv. samkvæmt sáttasamningnum frá 1929 (Lateran-samningnum) sem Páfagarður (Vatikanborgríkið) og Ítalía gerðu sín í milli.
4. Ákvæði 3. mgr. telst einnig gilda þegar aðildarríki er gistiland Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (OSCE).
5. Ráðinu skal tilkynnt um það, með tilhlýðilegum hætti, ef aðildarríki veitir undanþágu skv. 3. eða 4. mgr.
6. Aðildarríki mega veita undanþágu frá þeim ráðstöfunum sem eru gerðar skv. 1. mgr. ef ferð er réttlætt með knýjandi mannúðarástæðum eða með þátttöku í ríkjafundi, þ.m.t. fundir, sem Evrópusambandið styður og fundir, sem haldnir eru í aðildarríkinu, sem hefur formennsku í ÖSE hverju sinni, þar sem fram fara stjórn málaumræður, sem efla með beinum hætti lýðræði, mannréttindi og meginregluna um réttarríkið í Lýðveldinu Moldóvu.
7. Aðildarríki, sem óskar eftir að veita undanþágu, sem um getur í 6. mgr., skal tilkynna ráðinu það skriflega. Undanþágan telst veitt nema einn eða fleiri ráðsmanna andmæli því skriflega innan tveggja virkra daga frá því tilkynning berst um fyrirhugaða undanþágu. Ef einn ráðsmaður eða fleiri hreyfa slíkum andmælum getur ráðið tekið ákvörðun um að veita fyrirhugaða undanþágu með auknum meirihluta.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 51, 26.2.2008, bls. 23.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 46, 23.2.2010, bls. 3.

8. Í þeim tilvikum þegar aðildarríki heimilar, skv. 3., 4., 6. og 7. mgr., komu einstaklinga, sem skráðir eru í I. og II. viðauka, inn á yfirráðasvæði sitt eða ferð þeirra um það skal leyfið takmarkast við þann tilgang sem það er veitt í og hlutaðeigandi einstaklinga.

2. gr.

Ráðið skal, að fenginni tillögu frá aðildarríki eða æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, samþykkja breytingar á skránni í I. eða II. viðauka eftir því sem stjórn málaþróun í Lýðveldinu Moldóvu gefur tilefni til.

3. gr.

Ákvörðun ráðsins 2010/105/SSUÖ er hér með felld úr gildi.

4. gr.

1. Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún er samþykkt.
2. Ákvörðun þessi gildir til 30. september 2011. Hún skal vera í stöðugri endurskoðun. Heimilt er að framlengja hana eða breyta henni, eftir því sem við á, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.
3. Fresta skal þvingunaraðgerðunum sem kveðið er á um í ákvörðun þessari til 31. mars 2011. Við lok þess tímabils skal ráðið endurskoða þvingunaraðgerðirnar.

Gjört í Brussel 27. september 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

K. PEETERS

forseti.

I. VIÐAUKI

Skrá yfir einstaklinga er um getur í I. lið 1. mgr. 1. gr.

1. SMIRNOV, Igor Nikolayevich, „President“, f. 23. október 1941 í Khabarovsk, Rússneska sambandsríkinu, rússneskt vegabréf nr. 50No0337530.
2. SMIRNOV, Vladimir Igorevich, sonur Igor Smirnov og „Chairman of the State Customs Committee“, f. 3. apríl 1961 í Kupiansk, Kharkovskaya oblast eða Novaya Kakhovka, Khersonskaya oblast, Úkraínu, rússneskt vegabréf nr. 50No00337016.
3. SMIRNOV, Oleg Igorevich, sonur Igor Smirnov og „Adviser to the State Customs Committee“, „Member of the Supreme Soviet“ f. 8. ágúst 1967 í Novaya Kakhovka, Khersonskaya oblast, Úkraínu, rússneskt vegabréf nr. 60No1907537.
4. LITSKAI, Valery Anatolyevich, fyrrverandi „Minister for Foreign Affairs“, f. 13. febrúar 1949 í Tver, Rússneska sambandsríkinu, rússneskt vegabréf nr. 51No0076099, gefið út 9. ágúst 2000.
5. KHAZHEYEV, Stanislav Galimovich, „Minister for Defence“, f. 28. desember 1941 í Chelyabinsk, Rússneska sambandsríkinu.
6. ANTYUFEYEV, Vladimir Yuryevich, öðru nafni SHEVTSOV, Vadim, „Minister for State Security“, f. árið 1951 í Novosibirsk, Rússneska sambandsríkinu, rússneskt vegabréf.
7. KOROLYOV, Alexandr Ivanovich, „Vice-President“, f. 24. október 1958 í Wrocław, Póllandi, rússneskt vegabréf.
8. BALALA, Viktor Alekseyevich, fyrrverandi „Minister of Justice“, f. árið 1961 í Vinnitsa, Úkraínu.
9. GUDYMO, Oleg Andreyevich, „Member of the Supreme Soviet“, „Chairman of the Committee on Security, Defence and Peacekeeping of the Supreme Soviet“, fyrrverandi „Deputy Minister of Security“, f. 11. september 1944 í Alma-Ata, Kasakstan, rússneskt vegabréf nr. 51No0592094.
10. KRASNOSELSKY, Vadim Nikolayevich, „Minister of Internal Affairs“, f. 14. apríl 1970 í Dauriya, Zabaykalskiy rayon, Chitinskaya oblast, Rússneska sambandsríkinu.
11. ATAMANIUK, Vladimir, „Deputy Minister of Defence“.

II. VIÐAUKI

Skrá yfir einstaklinga er um getur í II. lið 1. mgr. 1. gr.

1. MAZUR, Igor Leonidovich, „Head of State Administration in Dubossary Rayon“, f. 29. janúar 1967 í Dubossary, Lýðveldinu Moldóvu.
2. PLATONOV, Yuri Mikhailovich, þekktur sem Yury PLATONOV, „Head of State Administration in Rybnitsa Rayon and Rybnitsa City“, f. 16. janúar 1948 í Klimkovo, Poddorsky rayon, Novgorodskaya oblast, rússneskt vegabréf nr. 51No0527002, gefið út af rússneska sendiráðinu í Chisinau 4. maí 2001.
3. CHERBULENKO, Alla Viktorovna, „Deputy Head of State Administration of Rybnitsa“, ber ábyrgð á málefnum sem varða menntun.
4. KOGUT, Vecheslav Vasyilevich, „Head of State Administration in Bender“, f. 16. febrúar 1950 í Taraclia, Chadir-Lunga rayon, Lýðveldinu Moldóva.
5. KOSTIRKO, Viktor Ivanovich, „Head of State Administration in Tiraspol“, f. 24. maí 1948, Komsomolsk na Amure, Habarovskiy kray, Rússneska sambandsríkinu.

Fylgiskjal 2.**Ákvörðun ráðsins 2012/527/SSUÖ****frá 27. september 2012****um breytingu á ákvörðun 2010/573/SSUÖ****um þvingunaraðgerðir gegn stjórninni á Transnistríusvæðinu í Lýðveldinu Moldóvu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 27. september 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/573/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn stjórninni á Transnistríusvæðinu í Lýðveldinu Moldóvu (¹).
- 2) Í ljósi þess árangurs sem náðist með stjórnsmálalegri lausn átakanna í Transnistríu og að fjáls för fólks yfir svæðamörk á Transnistríusvæðinu hefur verið komið aftur á ber að aflétta þvingunaraðgerðunum sem giltu skv. I. viðauka við ákvörðun 2010/573/SSUÖ.
- 3) Þvingunaraðgerðirnar, sem eru í gildi skv. II. viðauka við ákvörðun 2010/573/SSUÖ, ber að framlengja til 30. september 2013. Í því skyni að hraða framþróun með tilliti til þeirra vandamála sem eftir eru varðandi skóla, þar sem notað er latínulettur, skulu þó einstaklingarnir í skránni, sem sett er fram í II. viðauka við ákvörðun 2010/573/SSUÖ, felldir brott.
- 4) Því ber að breyta ákvörðun 2010/573/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun 2010/573/SSUÖ:

- 1) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að einstaklingar, sem bera ábyrgð á áætlun um og framkvæmd þeirrar ógnar- og lokunarherferðar gagnvart moldóvskum skólum sem nota latínulettur á Transnistríusvæðinu í Lýðveldinu Moldóvu, komi inn á eða fari um yfirráðasvæði þeirra, eins og fram kemur í viðaukanum.“
 - b) Í stað 8. mgr. komi eftirfarandi:

„8. Í þeim tilvikum, skv. 3., 4., 6. og 7. mgr., þegar aðildarríki heimilar komu einstaklinga, sem tilgreindir eru í listanum í viðaukanum, inn á yfirráðasvæði sitt eða för þeirra um það, skal heimildin takmörkuð við þann tilgang sem hún er veitt í og viðkomandi einstakling.“
- 2) Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

Ráðið skal, að fenginni tillögu frá aðildarríki eða æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, samþykkja breytingar á listanum í viðaukanum eftir því sem framvinda mála í Lýðveldinu Moldóvu gefur tilefni til.

3) Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

1. Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún er samþykkt.
 2. Ákvörðun þessi gildir til 30. september 2013. Hún skal vera í stöðugri endurskoðun. Heimilt er að framlengja hana eða breyta henni, eftir því sem við á, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.“
- 4) Ákvæði I. viðauka falli brott.
- 5) Í stað II. viðauka komi texti viðaukans við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 27. september 2012.

Fyrir hönd ráðsins,
A. D. MAVROYIANNIS
forseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 253, 28.9.2010, bls. 54.

Fvlgiskjal 3.

**Ákvörðun ráðsins 2014/751/SSUÖ
frá 30. október 2014
um breytingu á ákvörðun 2010/573/SSUÖ um þvingunaraðgerðir
gegn stjórninni á Transnistríusvæðinu í Lýðveldinu Moldóvu**

Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. 4. gr. ákvörðunar 2010/573/SSUÖ:

„2. Ákvörðun þessi gildir til 31. október 2015. Hún skal vera í stöðugri endurskoðun. Hana skal framlengja eða henni breyta, eftir því sem við á, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.“ (Efnisútdráttur).